



RAFMENT
framhaldsskóli

SKÓLANÁMSKRÁ

Skólanámskrá RAFMENTAR framhaldsskóla
almennur hluti

2023

Skólanámskrá RAFMENTAR

Þór Pálsson
thor@rafmennt.is

Almennur hluti

Efnisyfirlit

Helstu áherslur og stefnumörkun.....	3
Gildi.....	4
Stjórnskipan.....	4
Skólameistari.....	5
Skipurit.....	5
Kennarar og annað starfsfólk.....	5
Skólafundur og kennarafundir.....	5
Skólaráð.....	6
Nemendafélag.....	6
Foreldraráð.....	6
Námsframboð.....	6
Skipulag náms og kennsluhættir.....	6
Starfstími skóla.....	8
Inntökuskilyrði.....	8
Nemendur með annað móðurmál en íslensku.....	9
Kennsluhættir.....	10
Grunnþættir menntunar.....	10
Námsmat.....	11
Námsferill og skráning.....	11
Ráðgjöf.....	11
Starfsfólk.....	12
Nemendur.....	12
Aðbúnaður nemenda með fötlun.....	13
Kennsluhættir.....	13
Stoðþjónusta.....	13
Önnur þjónusta.....	13
Réttindi og skyldur nemenda.....	14
Meðferð ágreiningsmála.....	14
Samstarf.....	15
Skólareglur.....	15

Meðferð mála.....	15
Viðurlög	16
Sjálfsmat og gæðamál	16
Verk og framkvæmdaáætlun.....	16
Fagráð	18
Gæðaráð	18
Starfsfólk framhaldsskóla RAFMENNTAR	18
Stefnur og áætlanir.....	19
Framkvæmd og eftirfylgd jafnréttisstefnu	19
Jafnréttisstefna.....	19
Jafnréttisáætlun	19
Eineltisáætlun.....	20
Viðbragðsáætlun við einelti	20
Forvarnarstefna	21
Umhverfisáætlun.....	21
Rýmingaráætlun	22
Áfallaáætlun	22

Helstu áherslur og stefnumörkun

RAFMENNT er framsækið þekkingarfyrirtæki, leiðandi í fræðslu og miðlun nýjunga. Sérstaða þess er m.a. nálægð við raf- og tækniiðnaðinn á Íslandi en eigendur eru Rafiðnaðarsamband Íslands (RSÍ) og Samtök fyrirtækja í rafiðnaði (SART). Tengsl við fyrirtæki og félagsmenn í raf- og tæknigeiranum eru góð og stuttar boðleiðir skipta sköpum við þróun náms og endurmenntun innan fagsins. Markmiðið er að veita nemendum menntun sem sniðin er að þörfum atvinnulífsins og nemendanna sjálfra.

Nám undir merkjum framhaldsskólans er skýrt afmarkað frá annarri starfsemi RAFMENNTAR s.s. framhaldsfræðslu og endurmenntun rafiðnaðarmanna, en sú reynsla að þjónusta og kenna fullorðnum á vinnumarkaði nýtist í framhaldsskólasterfinu. Kjarnaþjónusta RAFMENNTAR er að bjóða upp á fyrsta flokks nám, tryggja faglega framkvæmd þjónustusamnings við mennta- og barnamálaráðuneyti um sveinspróf í rafiðngreinum og bjóða upp á fjölbreytt og hagkvæm námskeið í endurmenntun fyrir raf- og tækniiðnaðinn á Íslandi í nánú samstarfi við eigendur og íslenskt atvinnulíf.

RAFMENNT leggur áherslu á að fylgjast vel með nýjungum í faginu og heldur árlega ráðstefnu þar sem kennarar í rafiðnadeildum framhaldsskólanna koma saman til endurmenntunar og umræðu um þróun menntunar rafiðnaðarmanna.

Framhaldsskóli RAFMENNTAR sérhæfir sig í kennslu fullorðinna sem hafa áhuga á raf- og tæknigreinum. Markhópur skólans er fólk sem unnið hefur við fagið í að lágmarki 3 ár en ekki lokið námi. Námið er einstaklingsmiðað þar sem áhersla er lögð á að fyrri þekking og hæfni nemenda nýtist. Áhersla er lögð á að meta þá hæfni og færni sem nemendur hafa öðlast í námi og störfum á vinnumarkaði og er námið skipulagt þannig að auðvelt sé að sérsníða það að þörfum nemenda.

Fyrirkomulag náms og hæfnimats nýtist nemendum til hagræðingar hvað varðar styttri námstíma í skóla og þar með styttri fjarveru frá atvinnu. Hvoru tveggja skapar ódýrari menntun fyrir einstaklinginn og þjóðfélagið í heild.

Framhaldsskóli RAFMENNTAR veitir fullorðnum nemendum í raf- og tækniiðnaði tækifæri til að stunda öflugt nám og sinna símenntun í framúrskarandi umhverfi og aðstöðu til bóklegs og verklegs náms. Námsframboðið tekur mið af þörfum vinnumarkaðar fyrir hæfni og er þróað í góðu samstarfi við eigendur og helstu hagsmunaaðila. Áhersla er lögð á að draga inn nýja strauma þekkingar til landsins með öflugu tengslaneti við fræðsluaðila erlendis og gagnvirkum tengslum við íslenskt atvinnulíf og samfélag.

Gildi

Gildi framhaldsskóla RAFMENNTAR eru:

1. **FRAMSÆKNI:** Við leitumst við að vera framsækin menntastofnun með því að fylgjast með og tileinka okkur nýjungar á sviði raf- og tæknigreina. Við erum í fararbroddi við miðlun þekkingar og erum óhrædd við að sýna frumkvæði og áræðni í okkar störfum. Hámarksárangri náum við með skýrum markmiðum og með því að sinna vel eigin starfsþróun. Við vinnum markvisst að því að efla tengsl, kynna starfsemina og vinna að samstarfi við aðila sem búa að sérþekkingu á okkar sviði.
2. **FAGMENNSKA:** Við störfum af fagmennsku með vel menntuðu og upplýstu starfsfólki. Við temjum okkur vandvirkni og störfum eftir skýrum ferlum og skipulagi. Við leggjum einnig áherslu á virkt upplýsingaflæði milli starfsfólks og til viðskiptavina. Viðskiptavinir geta treyst vönduðum vinnubrögðum, heiðarleika og þjónustulund.
3. **SAMVINNA:** Við leggjum áherslu á samvinnu með traust og heiðarleika að leiðarljósi. Við náum árangri með því að bera virðingu fyrir skoðunum hvers annars, virkri hlustun og góðum og jákvæðum samskiptum. Við vinnum saman að lausn verkefna með því að sýna umburðarlyndi og veita hvatningu.

Stjórnskipan

Stjórn RAFMENNTAR framhaldsskóla er sama og stjórn RAFMENNTAR fræðsluseturs rafiðnaðarins. Hún er kjörin árlega á aðalfundi. Samkvæmt 12 gr. samþykktum er stjórn þannig skipuð;

„Stjórn félagsins verði skipuð átta aðilum sem kjörnir eru árlega á aðalfundi. Fjórir stjórnarmenn eru tilnefndir af RSÍ og fjórir af SART. Kjósa skal á sama hátt tvo aðila til vara, annar tilnefndur af RSÍ og hinn af SART. Formenn eigenda sitja alltaf í stjórn. Formaður stjórnar skal vera fulltrúi annars hvors hluthafa og sitja í tvö ár í senn. Fulltrúi hins eigandans er þá varaformaður. Að loknu tímabili tekur fulltrúi hins eigandans við formennsku.

Stjórn félagsins stýrir öllum málefnum þess milli aðalfunda og gætir hagsmuna félagsins.“

Skólameistari

Skólameistari er ráðinn af stjórn skólans. Hann stjórnar daglegum rekstri og starfi framhaldsskólans og gætir þess að skólastarfið sé í samræmi við lög, reglugerðir, aðalnámskrá og önnur gildandi fyrirmæli á hverjum tíma. Skólameistari leitast við að leysa úr málum er varða réttindi og skyldur nemenda í samræmi við lög og góða stjórnarsýsluhætti.

Áhersla er lögð á að skólameistari sé í góðum tengslum við fyrirtæki og félagsmenn í raf- og tæknigeiranum. Hann ber ábyrgð á reglubundinni upplýsingagjöf og tölfraði til stjórnar um framgang og árangur í starfi og leggur fyrir stjórn fjárhags- og rekstraráætlun. Stjórn fundar reglulega með skólameistara.

Skipurit

Skipurit framhaldsskóla RAFMENNTAR lýsir umfangi kennslu á framhaldsskólastigi samkvæmt aðalnámskrá framhaldsskóla.

Skrifstofustjóri heldur utan um innritun ásamt rukkun skólagjalda. Verkefnastjórar sinna sínum faggreinum vegna kennslu. Jafnframt er verkefnisstjóri sem heldur utan um kynningu og skráningu í rafræna ferilbók sem nýtt er fyrir nemendur í starfsþjálfun. Náms- og starfsráðgjafi starfar í fullu starfi við ráðgjöf til nemenda. Tæknistjóri sér um tölvukerfi, tölvur og tæknimál fyrir kennslu og húsnæði.

	RAF MENNT	
	Stjórn	
	Skólameistari	
	Meistaraskólinn	
Skrifstofustjóri	Kvikmyndataekni	
Bókhald	Hljóðtækni	
Verkefnastjórar	Námskrár rafiðngreina	
Náms- og starfsráðgjöf	Rafiðngreinar hæfnimat/kennsla	
Tæknistjóri	Rafvirkjun	
	Rafeindavirkjun	
	Rafvélavirkjun	
	Rafveituvirkjun	

Kennarar og annað starfsfólk

Skólinn mun leitast við að fá kennara til starfa sem uppfylla skilyrði laga um menntun, hæfni og ráðningu kennara og skólastjórnenda samkvæmt lögum nr 28/2008 um framhaldsskóla. Fengnir eru til starfa kennarar sem hafa hátt menntunarstig og mikla reynslu úr skólum og atvinnulífinu.

Skólafundur og kennarafundur

Framhaldsskóli RAFMENNTAR mun halda fundi um stefnumörkun í starfi og málefni skólans með starfsfólki skólans, kennurum og nemendum.

Skólaráð

Skólinn leitast við að fá reglulega upplýsingar um hvernig nemendur og kennarar upplifa starfsáætlun skólans og framkvæmd hennar, skólareglur, umgengnishætti í skólanum, vinnu- og félagsaðstöðu nemenda, Skólameistari mun funda reglulega með fulltrúum nemenda, kennara og starfsfólks, með það að markmiði að hægt sé að bregðast við athugasemdum og álitamálum. Skýr farvegur er við meðferð ágreiningsmála.

Nemendafélag

Nemendafélag framhaldsskóla RAFMENNTAR vinnur að félags-, hagsmuna- og velferðarmálum nemenda. Stjórn félagsins er skipuð þrem nemendum sem skipta með sér verkum. Þeir sjá um daglegan rekstur félagsins og hafa yfirumsjón með öllu sem gerist á þess vegum. Nemendafélagið er málsvari nemenda gagnvart yfirvöldum skólans. Allir nemendur framhaldsskólans fá sérstaka nemaaðild að RSÍ.

Foreldraráð

Gert er ráð fyrir að nemendur framhaldsskóla RAFMENNTAR verði allir eldri en 18 ára. Ef nemendur yngri en 18 ára innritast í skólann mun foreldraráð verða starfrækt við skólann.

Námsframboð

Námsframboð framhaldsskóla RAFMENNTAR er á sviði rafiðna og tækni. Boðið er upp á allar námsbrautir rafiðna sem ljúka með sveinsprófi auk sérnámi til iðneistararéttinda í rafiðngreinum. Einnig er boðið upp á tæknibrautir í hljóð- og kvikmyndatækni í samstarfi við Stúdío Sýrland.

Námsbrautir og áfanga í boði má sjá á heimasíðu skólans.

Skipulag náms og kennsluhættir

Námið í framhaldsskóla RAFMENNTAR er skipt upp í nám í rafiðngreinum, tæknigreinum og faggreinum meistaraskóla. Markhópurinn í rafiðngreinar eru eldri nemendur sem af einhverjum orsökum eru að byrja í námi í raf- og tæknigreinum eða hafa tafist í námi og eiga lítið eftir. Einnig eru í markhópnum nemendur sem hafa flosnað frá námi og eru að koma til baka eftir að hafa verið á vinnumarkaði.

Rannsóknir sýna að fullorðnir læra öðruvísi en ungmenni. Fullorðnir námsmenn nálgast nám sitt yfirleitt af áhuga og þurfa að nýta reynslu sína til að læra en eru oft óruggir. Skólinn leggur

áherslu á að skipulag námsins taki tillit til þarfa fullorðinna nemenda um að námið sé vel jarðtengt og einstaklingsmiðað, að nemendur búi mögulega yfir óöryggi og þeirrar staðreyndar að nemendur sinna einnig vinnu og heimili.

Rafiðngreinar/Rafvirkjun

Rafvirkjanámið er skipulagt eftir efnispáttum í verkefni sem geta tengst einum eða fleiri áföngum. Námið er verkefnastýrt þannig að skilgreindur verkefnahópur samsvarar ákveðnum áföngum. Með því er átt við að námið stýrist af verkefnum nemandans til að ljúka áföngum. Þannig ræðst námshraði af vinnusemi, kunnáttu og getu einstaklingsins. Þessar kennsluáferðir ásamt áherslu á fjarnám með vendikennslu („flipped classroom“) gera það að verkum að nemendur geta kynnt sér námsefnið á neti áður en komið er í kennslustofu. Nemendur vinna verkefni og skila lausnum eftir því sem við á. Gerð verður tímaáætlun verkefnaskila við upphaf kennslu sem verður endurskoðuð eftir framgangi. Þannig er sveigjanleiki námsins aukinn til hagræðis fyrir nemendur sem t.d. eru í vinnu samhliða námi.

Innan starfstíma eru tvö annarlok, desember og júní. Einkunnir eru gefnar út við annarlok og nemendur sem ljúka námi fá útskrift. Þeir nemendur sem ekki ljúka áfanga/um innan annarloka færast yfir á næstu önn án falls. Verkefnavinna flyst því milli anna og gerð verður ný áætlun um lok verkefna. Sjá nánar í skóladaðgatali hvers skólaárs.

Kennslubúnaðurinn er mjög fjölbreyttur þar sem mikill hluti námsins er verklegur sem krefst góðrar vinnuástöðu með miklum tækjabúnaði og tölum. Stór hluti kennslubúnaðar er í stöðugri endurnýjun og fer árlega mikið fjármagn í endurnýjun og viðhald á búnaði til kennslu. RAF MENNT á velunnara í fjölda fyrirtækja sem með einum eða öðrum hætti styrkja skólann við endurnýjun og nýjungar í kennslubúnaði. Námsmat er byggt á leiðsagnarmati þar sem því er við komið. Nemendur fá umsagnir í samtali við skil verkefna og fá þá leiðsögn um úrbætur fyrir lokaskil ef þess er þörf. Einnig er um hefðbundin próf að ræða. Námsframvinda nemenda byggir á eigin afköstum þar sem afköst í verkefnavinnu og skil verkefna, stjórna námshraða. Samskipti við kennara eru í formi viðtala á ákveðnum tímum en einnig með símtölum eða tölvupósti. Viðtölin fara fram í kennslurými þegar það hentar en einnig með fjarfundi.

Nemendur hafa aðgang að húsnæði skólans þegar þeim hentar utan hefðbundins kennslutíma. Verkefni eru byggð á sjálfstæðri vinnu til að koma sem best til móts við eldri nemendur sem eru í starfi. Dreifnámsformið hentar þeim nemendum vel þar sem hluti námsins fer fram í fjarnámi og verklega náminu geta nemendur aðlagð að eigin tíma. Við skólann starfar náms- og starfsráðgjafi sem er nemendum til aðstoðar við þau mál sem koma upp varðandi námið.

Kvikmyndataækni

Nám í kvikmyndataækni er 120 einingar. Náminu er skipt niður á fjórar annir. Námið byrjar strax á sérhæfðum áföngum kvikmyndataækni og er námsframvinda línuleg yfir 4 annir. Heildar einingafjöldi með fornámi er 180 einingar. Kennsla fer fram í húsnæði Stúdíó Sýrlands. Allir kennarar eru með sérhæfingu innan hvernar námsgreinar á brautinni.

Iðnmeistaránám

Iðnmeistaránám í rafiðngreinum er 68 eininga nám á 4. hæfniprepi íslensks hæfniramma um menntun. Náminu er skipt upp í tvo hluta, A og B-hluta.

Í A-hluta eru grunnáfangar í rekstri, stjórnun og stofnun fyrirtækja, samtals 27 einingar. Í B-hluta eru einnig áfangar tengdir fyrirtækjum og rekstri auk fagtengds efnis, samtals 38 einingar.

Nemendur taka A-hluta námsins og 11 einingar af B-hluta námsins í framhaldsskóla sem býður upp á það og er það ýmist í dreifnámi/fjarnámi eða staðbundnum lotum.

Framhaldsskóli RAFMENNTAR annast kennslu í faggreinum B-hlutans fyrir raf-, rafveitu- og rafeindavirkja. Ef öðrum hluta námsins er lokið er hægt að útskrifast sem iðnmeistari frá skólanum.

Nemendur þurfa að ljúka hverjum áfanga fyrir sig með einkunninni 5 að lágmarki. Þeir nemendur sem þess óska geta hafið nám í faggreinum RAFMENNTAR þótt þeir hafi ekki lokið kjarnagreinum A-hlutans. Mælt er með að áfanginn „Grunnur að gæðahandbók“ sé tekinn á fyrstu önn og lokaverkefni hvers hluta er unnið samhliða öðrum áföngum hlutans.

Starfstími skóla

Starfstími framhaldsskóla RAFMENNTAR er frá 15. ágúst til 15. júlí. Innan þess tíma eru allir áfangar í rafiðngreinum skipulagðir. Nám í kvikmyndataækni og hljóðtækni er skipulagt í samstarfi við Stúdíó Sýrland. Nánari upplýsingar er að finna á heimsíðu skólans.

Inntökuskilyrði

Sótt er um nám á vefsíðu RAFMENNTAR www.rafmennt.is og fer skráning fram á <https://umsokn.inna.is>

Rafiðngreinar/Rafvirkjun

Inntökuskilyrði í nám í rafiðngreinum, rafvirkjanám er að hafa starfað hjá rafverktaka í þrjú ár eða lengur. Jafnframt er miðað við að nemendur hafi náð 23 ára aldri.

Æskilegt er að umsækjendur hafi lokið 30 einingum í almennum greinum, þar af að lágmarki 5 einingum í ensku, 5 einingum í íslensku og 5 einingum í stærðfræði á 2.hæfniprepi. Ef nemendur hafa ekki lokið þessum einingum er boðið upp á hæfnimat í þeim greinum sem á vantar.

Kvikmyndataekni

Inntökuskilyrði í kvikmyndataekni og hljóðtækni eru að hafa lokið grunnskóla og lokið 60 einingum í framhaldsskóla. Þar af þurfa nemendur að hafa lokið að minnsta kosti 10 einingum í lífsleikni og menningarlæsi/náttúrulæsi á 1.þrepi. Enn fremur hafi nemendur lokið 15 einingum í íslensku, ensku og stærðfræði á 2. þrepi – einum áfanga í hverri grein. Aðrar einingar til viðbótar mega vera almennt bóknám eða iðngreinar. Nemendur eru boðaðir í viðtal til að fá fram reynslu og áhuga á kvikmyndatengdu námi.

Umsækjendur sem ekki hafa lokið almennum greinum sem skilgreindar eru á hverri braut geta lokið þeim greinum með hæfnimati eða verða að ljúka þeim í öðrum framhaldsskóla t.d. í fjarnámi.

Iðnmeistaránám

Til að innritast í meistaránám þarf nemandi að hafa staðist sveinspróf í sinni iðngrein.

[Nemendur með annað móðurmál en íslensku](#)

Þegar nemendur með annað móðurmál en Íslensku sækir um skólavist mun skólinn útbúa móttökuáætlun í takt við ákvæði í reglugerð nr. 654/2009 um rétt nemenda í framhaldsskólum til kennslu í íslensku. Þar segir að framhaldsskólar skuli setja sér móttökuáætlun fyrir nemendur með annað móðurmál en íslensku. Markmið námsins er að nemendur verði færir um að skilja og nota íslenskt mál, stunda nám í framhaldsskóla og taka virkan þátt í íslensku samfélagi. Áætlunin skal taka mið af bakgrunni þeirra, tungumálaferni, ferri á öðrum námssviðum og af þeirri kennslu og stuðningi sem veittur er innan skólans. Myndað er sérstakt teymi um nemandann sem samanstendur af stjórnanda og náms- og starfsráðgjafa sem sjá um skipulag kennslu í samstarfi við menntastofnun sem kennir íslensku fyrir útlendinga.

Kennsluhættir

Hjá RAFMENNT er beitt fjölbreyttum kennsluaðferðum. Í kennslunni er áhersla lögð á verkefnastýrt nám. Með því er átt við að námið stýrist af verkefnum nemandans til að ljúka áföngum. Námshraði ræðst því af vinnusemi, kunnáttu og getu einstaklingsins við lausn verkefna. Þessar kennsluaðferðir ásamt áherslu á fjarnám með vendikennslu („flipped classroom“) gera það að verkum að nemendur geta kynnt sér námsefnið áður en komið er í kennslustofuna. Þessi aðferð er í þróun og mun ekki síður nýtast nemendum sem búa á landsbyggðinni. RAFMENNT hefur aðgang að Microsoft TEAMS sem hefur verið notað við kennslu.

Stöðugt er leitað leiða til að nýta tölvutækni til kennslu bæði í fjar- og staðnámi. Fjarnámið er enn kennt í rauntíma en með tilkomu nýs kennsluvefjar **Teachable** verður kennsluefni sett þar inn sem nemendur geta nýtt sér þegar þeim hentar. Allt annað námsefni sem notað er við kennslu er vistað á www.rafbok.is og er nemendum að kostnaðarlausu.

Kennslukerfi INNU er notað til að dreifa efni til nemenda ásamt því að skipuleggja verkefnaskil og námsmat. Öllum verkefnum öðrum en verklegum er skilað rafrænt á kennsluvef INNU.

Grunnþættir menntunar

Í framhaldsskóla RAFMENNTAR er unnið með grunnþætti menntunar á eftirfarandi hátt:

- Læsi
 - með því að nemendur þjálfist í að tjá hugsanir sínar, tilfinningar og skoðanir bæði munnlega og skriflega
 - með því að þjálfna nemendur í samræðum og hlustun í vinnu með öðrum
 - með því að þjálfna nemendur í að afla gagna, flokka og að nýta sér upplýsingar á gagnrýnin hátt
- Sjálfbærni
 - með því að hafa umhverfisstefnu sem unnið er eftir í allri starfsemi RAFMENNTAR
 - með því að þjálfna nemendur í færni til að taka gagnrýna afstöðu gagnvart umhverfi, samfélagi, menningu og efnahagskerfi
- Heilbrigði og velferð
 - með því að fræða nemendur um öryggi og heilbriggt vinnuumhverfi,
 - Með því að hvetja til íhugunar um heilsusamlegan lífsstíl í hæfnimati á íþróttaáföngum

- með því að hafa og vinna eftir forvarnarstefnu sem hvetur nemendur til að tileinka sér heilbrigðan lífsstíl
- Lýðræði og mannréttindi
 - með því að leyfa nemendum að vera þátttakendur í ákvörðunum um skólastarfið
 - með því að gera nemendur ábyrga í lýðræðislegum vinnubrögðum
 - með því að hvetja nemendur til að hafa skoðanir á skólanum og náminu taka tillit til þeirra ábendinga eins og kostur er
- jafnrétti
 - með því að hvetja til að nemendur af öllum kynjum sæki námið
 - bjóða upp á fjölbreytt námsform sem hæfir ólíkum hópum t.d. fjarnám, staðnám og vendinám
 - með því að nýta fjölbreyttar tæknilausnir og kennsluaðferðir hefur jafnrétti til náms aukist fyrir alla nemendahópa
 - með því að hafa og vinna eftir samþykktri jafnréttisstefnu
- sköpun
 - með því að hvetja til skapandi lausna

Námsmat

Námsmati er ætlað að meta hvernig nemandi hefur gengið að tileinka sér námsmarkmið í áfanga og er haft eins fjölbreytt og kostur er. Gegnum verkefnastýrt nám er lögð áhersla á að vera með leiðsagnarmat þannig að nemendur nái að bæta lausnir verkefna áður en til lokaskila kemur. Lögð er áhersla á að kennarar veiti umsögn um niðurstöðu mats þannig að nemandi viti hvar hann standi og skilji hvernig niðurstaða einkunnar er fenginn.

Allar einkunnir birtast nemendum á INNU.

Námsferill og skráning

Nám nemenda er sett upp í skólakerfi INNU og þar birtist; námsferill, stundatafla, verkefni, próf og einkunnir. Þar getur nemandi einnig fylgst með námsframvindu, hverju sé lokið og hvað sé eftir. Námsferill nemenda verður varðveittur og aðgengilegur til framtíðar.

Ráðgjöf

Hjá framhaldsskóla RAFMENNTAR starfar náms- og starfsráðgjafi sem sinnir allri nauðsynlegri ráðgjöf. Meginmarkmið náms- og starfsráðgjafar er að efla vitund einstaklinga um hæfileika

sína, viðhorf og áhuga þannig að þeir geti notið sín í námi og starfi. Náms- og starfsráðgjafi er trúnaðarmaður nemenda þegar kemur að samskiptum, námsgetu, námshraða og öðrum þáttum sem geta truflað nemendur í námi.

Starfsfólk

Framhaldsskóli RAFMENNTAR telur mikilvægt að nýta til jafns þá auðlegð sem felst í menntun, reynslu og viðhorfum óháð kyni. Í öllu starfi skólans skal unnið markvisst gegn viðhorfum sem leiða til aðstöðumunar kynja. Auglýsingar um laus störf skulu vera ókyngreind og höfða jafnt til beggja kynja. Stefnt skal að því að samsetning starfsfólks sé sem jöfnust milli kynja.

Starfsfólki skulu tryggðir möguleikar til endurmenntunar og starfsþjálfunar óháð kyni. Leitast skal við að höfða til allra kynja í tilboðum er lúta að starfsþjálfun og endurmenntun.

Starfsfólki RAFMENNTAR skal gert kleift að samræma fjölskyldulíf og vinnu, meðal annars með sveigjanlegum vinnutíma. Starfsfólki af öllum kynjum skal gert kleift að sinna tímabundinni fjölskylduábyrgð sem skapast af veikindum barna, maka eða foreldra.

Starfsfólk á rétt á því að komið sé fram við það af virðingu og að það sæti ekki einelti, kynbundnu ofbeldi, kynferðislegri eða kynbundinni áreitni. Einelti er ámælisverð einnig síendurtekin ótilhlýðileg háttsemi, þ.e. athöfn eða hegðun sem er til þess fallin að niðurlægja, gera lítið úr, móðga, særa, mismuna eða ógna og valda vanlíðan hjá þeim sem hún beinist að. Ef starfsmaður telur að brotið sé gegn jafnréttissjónarmiðum innan framhaldsskóla RAFMENNTAR skal hann leita til skrifstofustjóra eða skólameistara til að finna málinu farveg.

Nemendur

Samkvæmt Aðalnámskrá framhaldsskóla skal menntun í jafnrétti vera einn af grunnþáttum menntunar í íslenskum framhaldsskólum. Í Aðalnámskrá segir: „Markmið jafnréttismenntunar er að skapa tækifæri fyrir alla til að þroskast á eigin forsendum, rækta hæfileika sína og lífa ábyrgu lífi í frjálsu samfélagi í anda skilnings, friðar, umburðarlyndis, víðsýnis og jafnréttis“. Jafnréttismenntun vísar í senn til inntaks kennslu, námsaðferða og námsumhverfis. Jafnrétti er regnhlífarhugtak sem nær til margra þátta. Skólinn leitast við það í öllu sínu starfi að koma til móts við áhuga og þarfir nemenda sbr. hér að framan. Jafnframt er lögð áhersla á að starfsfólk skólans sýni nemendum virðingu, umhyggju, velvild, aðhald og þolinmæði og vænta

ætið árangurs. Lögð er áhersla á að nemendum líði vel og að þeir sýni framfarir og nái árangri á sem flestum sviðum.

Aðbúnaður nemenda með fötlun

Nemendur, sem eiga erfitt með nám sökum sértækra námsörðugleika, tilfinningalegra eða félagslegra örðugleika, nemendur með leshömlun, langveikir nemendur, nemendur með heilsutengdar sérþarfir og nemendur með fötlun, eiga rétt á sérstökum stuðningi í námi í samræmi við metnar sérþarfir. Nemendur með fötlun skulu eiga þess kostna að stunda nám við hlið annarra nemenda í skólanum eftir því sem kostur er.

Kennsluhættir

Kennsluhættir þurfa að vera fjölbreyttir og þannig leitast við að sem flestir nemendur nái að tileinka sér þau viðfangsefni sem til umræðu eru hverju sinni. Mikilvægt er að hópaverkefni séu sem mest unnin í kynjablönduðum hópum. Þannig er líklegast að bæði kynin fái kennslu við hæfi og ólík reynsla og gildismat fái notið sín. Sérstaklega þarf að horfa til eldri nemenda sem hafa ekki verið í skóla í langan tíma og/eða horfið frá námi.

Stoðþjónusta

Meta þarf stoðþjónustu skólans með reglulegu millibili. Með stoðþjónustu er átt við náms- og starfsráðgjöf, aðstoð við nemendur með sértæka námsörðugleika, aðstoð við nemendur með fötlun, aðstoð í tölvuveri og önnur úrræði sem skólinn stendur fyrir. RAFMENNT leggur áherslu á að koma til móts við eldri nemendur og barnafólk m.a. með sveigjanlegum reglum um skólasókn.

Í húsnæði skólans skal leitast við að hlúa sem best að nemendum með fötlun m.t.t. aðstöðu til náms, undirbúnings, tölvunotkunar, mataraðstöðu og salernisaðstöðu. Taka skal tillit til sértækra þarfa hvers og eins nemenda á hverjum tíma.

Önnur þjónusta

Nemendur hafa aðgang að húsnæði skólans þegar þeim hentar til að vinna verkefni, utan þess tíma sem er skilgreindur sem kennslutími. Allir nemendur hafa aðgang að interneti og tölvum í skólanum.

Nemendur hafa aðgang að kaffistofu þar sem er, kaffivél, ísskápur og örbylgjuofn. Þar er einnig vaskur með rennandi vatni.

Réttindi og skyldur nemenda

Nemandi er innritaður í skólann þegar hann staðfestir umsókn um skólavist. Um leið samþykkir hann að gangast undir skyldur og reglur sem á herðum hans hvíla sem hluta af skólasamfélaginu. Ein meginforsendan fyrir því að starfsemi geti farið fram og árangur náist er að nemendur sinni námi sínu með fullnægjandi hætti.

Nemendur skulu sækja allar kennslustundir í þeim áföngum sem þeir eru skráðir í og mæta stundvíslega. Ekki er gerð krafa um lágmarks viðveru í áföngum þar sem verkefnaskil ráða námsframvindu. Reglulega er gerð úttekt á skólasókn nemenda og hún notuð í samtali við nema um tengsl námsframvindu og viðveru í náminu. Einnig er bent á mikilvægi viðveru sem hluta af umsögn við fyrirspurnum um starfsþjálfun á vinnustað.

Meðferð ágreiningsmála

Nemandi sem telur á sér brotið leitar fyrst til verkefnastjóra um leiðréttingu mála.

Nemanda, sem brotið hefur skólareglur, er veitt skrifleg áminning. Forráðamönnum nemenda undir 18 ára aldri er sent afrit af áminningunni. Nemandi hefur andmælarétt sem miðast við þrjú virka daga áður en gripið er til viðurlaga. Sum brot, s.s. brot á almennum hegningarlögum, eru þó þess eðlis að grípa verður til viðurlaga tafarlaust. Komi upp ágreiningur í skólanum milli nemenda, kennara, annars starfsfólks skólans eða utanaðkomandi aðila skulu aðilar leitast við að leysa hann sín á milli. Sættist aðilar ekki er málinu vísað til skólastjórnenda sem ákvarða í málinu. Telji nemandi að kennari eða annað starfsfólk skólans hafi brotið á honum með einhverjum hætti skal það tilkynnt til skólameistara sem gerir viðeigandi ráðstafanir í samræmi við lög um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins.

Viðurlög við broti á skólareglum geta verið brottrekstur úr áfanga eða skóla, tímabundið eða til frambúðar eftir eðli málsins. Nemendur sem brjóta reglur um tóbak, áfengi eða önnur vímuefni skulu ræða við áfengis- og fíkniefnaráðgjafa sem skólinn útvegar áður en skólaganga hefst á ný.

Við meðferð ágreiningsmála skal gæta ákvæða stjórnarsýslulaga nr. 37/1993, laga um persónuvernd, meðferð persónuupplýsinga nr. 77/2000 og upplýsingalaga nr. 50/1996.

Þessi málsmeðferð á einnig við um starfsfólk sem telja framkomu eða annað í vinnuumhverfinu sé ábótavant.

Samstarf

Framhaldsskóli RAFMENNTAR er í miklu samstarfi við vinnustaði rafiðnaðarfólks. RAFMENNT í eigu Rafiðnaðarsambands Íslands RSÍ og Samtaka fyrirtækja í rafiðnaði, SART. Undanfarin ár hefur RAFMENNT haldið utan um starfsþjálfunarsamninga milli fyrirtækja og nema samkvæmt samningi við mennta- og barnamálaráðuneytið og þess vegna verið í samskiptum við vinnustaði innan SART um að útvega nemum pláss. Samkvæmt reglugerð nr.180/2021 um vinnustaðanám, mun framhaldsskóli RAFMENNTAR gera samninga við vinnustaði og hafa umsjón með nemum í vinnustaðanámi.

Skólareglur

Reglur um hegðun, umgengni og samskipti

Litið er á nám hjá RAFMENNT eins og hverja aðra vinnu sem sinnt er af alúð og samviskusemi. Nemendum ber að sækja allar kennslustundir stundvíslega og skila verkefnum á réttum tíma.

Áhersla er lögð á að öllum líði vel, bæði nemendum og starfsfólki. Nemendum ber að hlíta fyrirmælum kennara og starfsfólks skólans hvað varðar nám, notkun tölva og snjall tækja, hegðun og umgengni og gæta þess að trufla ekki vinnufrið. Kennurum og öðru starfsfólki ber að hafa uppbyggileg og jákvæð samskipti að leiðarljósi við dagleg störf sín í skólanum.

Nemendur bera ábyrgð á eigin námi og námsframvindu, framkomu sinni og samskiptum við samnemendur og starfsfólk skólans. Nemendum ber að sýna nærgætni og gæta virðingar í allri framkomu sinni. Óheimilt er að taka myndir og myndskreið í kennslustundum nema samþykki kennara og viðkomandi nemenda liggja fyrir.

- Einelti og annað ofbeldi er ekki liðið hjá framhaldsskóla RAFMENNTAR. Sjá forvarnar- og viðbragðsáætlun við einelti.
- Nemendum ber að ganga vel um húsnæði og eitur RAFMENNTAR. Valdi nemandi tjóni á húsnæði eða öðrum eignum, ber honum að bæta skaðann.
- Neysla matvæla er leyfileg í matstofu nemenda, setustofu og á göngum skólans en ekki í skólastofum.
- Neysla og sala tóbaks, áfengis og annarra vímuefna er bönnuð í húsnæði RAFMENNTAR

Meðferð mála

Nemanda, sem brotið hefur skólareglur, er veitt skrifleg áminning. Forráðamönnum nemenda undir 18 ára aldri er sent afrit af áminningunni. Nemandi hefur andmælarétt sem miðast við

Þrjú virka daga áður en gripið er til viðurlaga. Sum brot, s.s. brot á almennum hegningarlögum, eru þó þess eðlis að grípa verður til viðurlaga tafarlaust. Komi upp ágreiningur hjá framhaldsskóla RAFMENNTAR milli nemenda, kennara, annars starfsfólks eða utanaðkomandi aðila skulu aðilar leitast við að leysa hann sín á milli. Sættist aðilar ekki er málinu vísað til stjórnenda sem ákvarða í málinu. Náist ekki sátt um þá niðurstöðu má vísa málinu til stjórnar RAFMENNTAR sem sinnir hlutverki skólanefndar. Telji nemandi að kennari eða annað starfsfólk skólans hafi brotið á honum með einhverjum hætti skal það tilkynnt til skólameistara eða skrifstofustjóra sem gerir viðeigandi ráðstafanir í samræmi við lög um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins.

Viðurlög

Viðurlög við broti á skólareglum geta verið brottrekstur úr áfanga eða skóla, tímabundið eða til frambúðar eftir eðli málsins. Nemendur sem brjóta reglur um tóbak, áfengi eða önnur vímuefni skulu ræða við áfengis- og fíkniefnaráðgjafa samkvæmt samningi við náms- og starfsráðgjafa áður en skólaganga hefst á ný.

Sjálfsmat og gæðamál

Framhaldsskóli RAFMENNTAR notar gæðakerfi EQM og EQM+. Kerfið metur gæði í framkvæmd fræðslu, náms- og starfsráðgjafar og raunfærnimats. Nánari upplýsingar um EQM og EQM+ er að finna á vef Fræðslumiðstöðvar atvinnulífsins <https://frae.is/gaedavottun/>

Fastir punktar innra mats eru meðal annars um kennslumat sem fram fer á hverri önn og samantekt gagna úr námsumsjónarkerfinu INNU og rýni þeirra, sem getur gefið góðar upplýsingar um breytingar milli anna og ára. Framhaldsskóli RAFMENNTAR tryggir að starfsfólk (þ.m.t. verktakar) taki þátt í gæðastarfi, viðhaldi gæðamenningu og njóti stuðnings við að skilja og nýta gæðaferlið. Starfsfólk fari eftir gæðaferlum sem lýsa framkvæmd náms og endurgjöf til nemenda ásamt endurgjöf til verkefnastjóra um niðurstöður nemendamats og skýrslu um framkvæmd náms. Niðurstöður mats eru notaðar í umbótastarfi og til að auka gæði fræðslunnar.

Verk og framkvæmdaáætlun

Framkvæmdaáætlun framhaldsskóla RAFMENNTAR á innra mati skiptist á milli hausts og vors og er endurtekin árlega. Gæðaráð framhaldsskóla RAFMENNTAR ber ábyrgð á framkvæmd innra mats.

Vor	Haust
<ul style="list-style-type: none"> Kennslukönnun 	<ul style="list-style-type: none"> Kennslukönnun

<ul style="list-style-type: none"> • Skýrslur um framkvæmd kennslu • Starfsmannasamtöl • Söfnun gagna úr INNU • Ársskýrsla fyrra árs 	<ul style="list-style-type: none"> • Þjónustukönnun • Söfnun gagna úr INNU • Umbætur í samræmi við niðurstöður á mati
--	--

Innra mat framhaldsskóla RAFMENNTAR byggist á að fylgja lögum um framhaldsskóla nr. 92/2008. Í 40 gr. laganna koma fram markmið mats og eftirlits með gæðum starfs í framhaldsskólum sem eru að:

- veita upplýsingar um skólastarf, árangur þess og þróun til fræðsluyfirvalda, starfsfólks framhaldsskóla, viðtökuskóla, atvinnulífs, foreldra og nemenda,
- tryggja að starfsemi skóla sé í samræmi við ákvæði laga, reglugerða og aðalnámskrár framhaldsskóla,
- auka gæði náms og skólastarfs og stuðla að umbótum,
- tryggja að réttindi nemenda séu virt og að þeir fái þá þjónustu sem þeir eiga rétt á samkvæmt lögum.

Innra matið er framkvæmt með því að senda út þjónustukönnun í gegnum Innu á tveggja ára fresti. Þjónustukönnunin skiptist í tvo meginflokka. Annarsvegar kennslukönnun (viðhorf nemenda til kennslu og námsefnis) og hinsvegar viðhorfskönnun (mat á líðan nemenda, ásamt viðhorfi til ýmissa þjónustubátta eins og t.d. aðstöðu og aðgengis) Framkvæmd þjónustukönnunarinnar er þannig að sendur er tölvupóstur í gegnum Innu á nemendur og þeim boðið að taka þátt í henni.

Niðurstöður þjónustukönnunarinnar eru aðgengilegar á heimasíðu framhaldsskóla RAFMENNTAR.

Mælanleg markmið:

- Fjöldi nemenda og fjöldi lokinna eininga á ári í meistaraskóla
- Fjöldi nemenda og fjöldi lokinna eininga á ári eftir námsbrautum
- Brotthvarf
- Útskriftir á ári

Ársskýrslur, viðurkenning og vottunarskýrsla úttektaraðila er að finna á heimasíðu RAFMENNTAR á eftirfarandi slóð [Ársskýrslur o.fl.](#)

Fagráð

Hlutverk fagráðs er að fara yfir mat og gera tillögur að úrbótum á:

- Áföngum
- Áfangalýsingum
- Námsgögnum
- Framkvæmd námsáfanga og verkefna
- Sjálfsmati kennara

Einnig er hlutverk fagráðs að skrá og fara yfir þær ábendingar og athugasemdir sem berast í gegnum ábendingarhnapp á heimasíðu framhaldsskóla RAFMENNTAR.

Gæðaráð

Hlutverk gæðaráðs er að fara yfir gæðakerfi EQM+. Skoða og uppfæra matslista kerfisins.

Vinna með úttektaraðilum og fylgja eftir athugasemdum sem koma upp við úttektir.

Úttektarskýrsla á gæðum framhaldsskóla RAFMENNTAR er á vefsíðu framhaldsskóla RAFMENNTAR

Starfsfólk framhaldsskóla RAFMENNTAR

Alma Sif Kristjánsdóttir, Náms- og starfsráðgjafi

Ásmundur Einarsson, verkefnastjóri veikstraumssviðs

Bára Laxdal Halldórsdóttir, verkefnastjóri Rafbókar

Elísa Hildur Einarsdóttir, verkefnastjóri kynningarmála

Fannar Freyr Jónson, tæknistjóri

Guðmundur S. Jónsson, verkefnastjóri sterkstraums

Hafdís Reinaldsdóttir, skrifstofustjóri

Ingvar Jónsson, verkefnastjóri miðlunar, tækni og skapandi greina

Ómar Rósenberg Erlingsson, verkefnastjóri sterkstraums

Þór Pálsson, framkvæmdastjóri / skólameistari

Þórdís Bergmundsdóttir, bókari

Stefnur og áætlanir

Framkvæmd og eftirfylgd jafnréttisstefnu

Jafnréttisstefna er lifandi verkefni og þarf að vera í stöðugri þróun. Líta má á jafnréttisáætlun sem viljayfirlýsingu um að jafnréttissjónarmið séu höfð að leiðarljósi í öllu skólastarfi. Á tveggja ára fresti er áætlunin endurskoðuð í heild sinni meðal annars með tilliti til breytinga í skólastarfi lagabreytinga og gera þær ráðstafanir sem þarf til að nemendur og starfsfólk framhaldsskóla RAFMENNTAR njóti samstarfs og samneytis á grundvelli jafnréttis. Það er á ábyrgð skólameistara að jafnréttisstefnu sé fylgt í hvívetna og hann skal sjá til þess að hjá framhaldsskóla RAFMENNTAR ríki sú skólamenning sem endurspeglar þann fjölbreytta hóp sem þar starfar.

Jafnréttisstefna

Framhaldsskóli RAFMENNTAR er vinnustaður sem hefur jafnrétti að leiðarljósi. Gildandi jafnréttisstefnu er ætlað að stuðla að jafnri stöðu einstaklinga innan skólans, þ.e. starfsfólks og nemenda, og vinna gegn hvers kyns misrétti. Hún er byggð á lögum nr. 10/2008 um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla. Í 18. gr. laga um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla nr. 10/2008 er kveðið á um að öll fyrirtæki og stofnanir með fleiri en 25 starfsmenn skuli setja sér jafnréttisáætlun eða samþætta jafnréttissjónarmið í starfsmannastefnu sína. Þrátt fyrir að hjá RAFMENNT starfi færri en 25 manns leggur skólinn áherslu á að jafnréttissjónarmið séu höfð að leiðarljósi í öllu starfi hans og vill setja starfsfólki sínu og nemendum gott fordæmi í þessum efnum.

Áhersla er lögð á að jafnrétti sé túlkað í breiðum skilningi. Einstaklingar eiga að hafa jöfn tækifæri óháð kyni, kynhneigð, kynvitund, kyneinkennum, kyntjáningu, aldri, búsetu, fötlun, þjóðernisuppruna, lífsskoðun, eða skertri starfsgetu. Í starfsháttum skólans, samskiptum og skólabrag skal taka mið af grunnþáttum aðalnámskrár (læsi, sjálfbærni, heilbrigði og velferð, lýðræði og mannréttindi, jafnrétti og sköpun).

Jafnréttisáætlun

Sérstök áhersla er lögð á bann við hvers konar mismunun á grundvelli kyns í skólanum og samkvæmt 28. gr. laganna nr. 10/2008. Ber að gæta þess í námi og kennslu, starfsháttum og daglegri umgengni við nemendur. Jafnréttisstefnunni er hrundið í framkvæmd með þessari áætlun. Með jafnréttisáætluninni er kveðið á um það hvernig stjórnendur, kennarar, starfsmenn og nemendur geta unnið að jafnrétti og þar með bættum samskiptum og líðan alls skólasamfélagsins. Starfsfólki og nemendum skal einnig auðveldað að samræma

fjölskylduábyrgð í starfi sínu og námi. Í jafnréttisáætlun felst viðurkenning á því að nauðsynlegt sé að grípa til sérstakra aðgerða til að jafnrétti náist. Jafnréttisstefna er því ekki aðeins bundin við kynjajafnrétti heldur ýmsa aðra þætti sem kunna að skapa mun á milli einstaklinga. Mikilvægt er að bæði nemendur skólans og starfsfólk sé upplýst um jafnréttisstefnu skólans og fylgi henni í hvívetna.

Hér á eftir verður gerð grein fyrir jafnréttisáætlun framhaldsskóla RAFMENNTAR í nokkrum hlutum.

Eineltisáætlun

Stefna framhaldsskóla RAFMENNTAR er að einelti, kynferðisleg áreitni, kynbundin áreitni, ofbeldi og ótilhlýðileg háttsemi sé ekki liðin, hvorki í samskiptum meðal starfsfólks, samskiptum starfsfólks við nemendur, samskiptum milli nemenda eða í samskiptum við aðra einstaklinga sem sækja eða veita þjónustu skólans.

Leita skal allra ráða til að fyrirbyggja slíkt og leysa þau mál sem upp koma á sem farsælastan hátt. Hjá framhaldsskóla RAFMENNTAR er lögð áhersla á að efla vitund starfsfólks og nemenda um mikilvægi jákvæðra samskipta og gera þau einkennandi í skólasamfélaginu, t.d. með fræðslu um jafnrétti.

Viðbrögð við einelti, kynferðislegri áreitni, kynbundinni áreitni, ofbeldi og annarri ótilhlýðilegri háttsemi eru nánar skilgreind í viðbragðsáætlun við einelti, kynferðislegri áreitni, kynbundinni áreitni, ofbeldi og annarri ótilhlýðilegri háttsemi.

Upplifun einstaklingsins skiptir meginmáli þegar rætt er um einelti og aðra ótilhlýðilega hegðun. Sérhver þolandi verður sjálfur að meta hvaða framkomu hann umber, frá hverjum og segja frá sé honum misboðið.

Stefna þessi er sett á grundvelli 38. gr. laga nr. 46/1980 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum og reglugerðar nr. 1009/2015 um aðgerðir gegn einelti, kynferðislegri áreitni, kynbundinni áreitni og ofbeldi á vinnustöðum.

Viðbragðsáætlun við einelti

Viðbragðsáætlunin lýsir viðbrögðum við einelti, kynferðislegri áreitni, kynbundinni áreitni, ofbeldi og annarri ótilhlýðilegri háttsemi til samræmis við stefnu framhaldsskóla RAFMENNTAR gegn einelti og kynferðislegri áreitni, kynbundinni áreitni, ofbeldi og annarri ótilhlýðilegri háttsemi.

Starfsmaður sem hefur orðið fyrir eða hefur vitneskju um einelti, áreitni eða ofbeldi á vinnustað skal upplýsa verkefnastjóra, skrifstofustjóra eða skólameistara. Kvartanir eða ábendingar vegna ofbeldis geta hvort heldur sem er verið munnlegar eða skriflegar. Á meðan á málsmeðferð stendur ber að notast við hugtökin „meintur þolandi“ og „meintur gerandi“.

Í samráði við þolanda er ákveðið hvort bregðast skuli við með óformlegri málsmeðferð eða hvort lög og reglur á sviði vinnuverndar krefjist formlegrar málsmeðferðar. Stjórnanda ber í öllum tilvikum að bregðast við og uppfylla þær skyldur sem hvíla á atvinnurekanda samkvæmt lögum og reglum, m.a. til að koma í veg fyrir að ótilhlýðileg hegðun endurtaki sig á vinnustaðnum.

Forvarnarstefna

Framhaldsskóli RAFMENNTAR leggur áherslu á að nemendur skólans tileinki sér heilbrigðan lífsstíl og jákvætt viðhorf. Tilgangur forvarna í skólanum gengur út á að vekja nemendur til umhugsunar um hvar ábyrgð þeirra á eigin heilsu og vellíðan liggur, að allir búi yfir einhverjum hæfileikum og að þeir viti hvernig þeir eiga að nálgast markmiðin sín í framtíðinni.

Markmið skólans er að:

- vekja nemendur til umhugsunar um styrkleika sína og veikleika og styrkja með því sjálfsmynd þeirra og sjálfstraust, félagsþroska, félagstengsl og umhyggju
- auka virðingu í samskiptum á milli nemenda sjálfra og nemenda og starfsfólks
- seinka eftir megni eða koma í veg fyrir að nemendur hefji neyslu á áfengi, tóbaki eða öðrum vímuefnum

Öll notkun áfengis, tóbaks og annarra vímuefna er stranglega bönnuð í skólahúsnæði og á lóð skólans. Kynningarefni um skaðsemi vímuefna er aðgengilegt öllum nemendum.

Umhverfisáætlun

Umhverfisáætlun framhaldsskóla RAFMENNTAR hefur það markmið að hvetja nemendur og starfsfólk til að sýna árvekni í umhverfismálum, ganga vel um náttúru, híbýli og nánasta umhverfi.

Framhaldsskóli RAFMENNTAR leggur áherslu á umræðu og fræðslu í umhverfismálum og leitast við að flétta þessa þætti inn í daglegt skólastarf með leiðbeiningum varðandi flokkun sorps og umgengni um húsnæði. Einnig leggur skólinn áherslu á að starfsumhverfi nemenda og starfsfólks myndi góðar aðstæður fyrir andlega og líkamlega vellíðan.

Leitast skal við að:

- hámarka nýtingu á orkugjöfum, s.s. á rafmagni og notkun á heitu og köldu vatni
- nýta sem best öll aðföng er snerta daglegan rekstur, s.s. pappír og aðra rekstrarvörur
- haga innkaupum þannig að magni umbúða sé haldið í lágmarki og þær endurnýttar þar sem því verður við komið
- velja viðurkenndar umhverfisvænar vörur til viðhalds og reksturs fremur en þær sem valda skaða á umhverfinu og kaupa tæki sem nýta orku vel
- nota umhverfisvæn efni við ræstingu og halda efnamagni í lágmarki
- endurnýta og endurvinna úrgang sem til fellur í rekstri eftir því sem kostur er og tryggja starfsfólki og nemendum greiðan aðgang að sörpílátum og aðstöðu til að flokka sörp til endurvinnslu
- farga spilliefnum á viðeigandi hátt
- halda notkun á einnota hlutum í lágmarki.

Rýmingaráætlun

Ef rýma þarf skólahúsið vegna elds, jarðskjálfta eða annarrar hættu skal fara eftir rýmingaráætlun RAFMENNTAR sem hangir upp við alla útganga úr stofum og almennum rýmum húsnæðisins. Söfnunarstaðir eru tveir hvor við sinn útgang úr húsnæðinu á Stórhöfða, þar sem starfsmenn og nemendur koma saman og eru þeir merktir á rýmingaráætlun sem staðsett eru við neyðarútganga úr rýmum.

Áfallaáætlun

Áföll – verkferill

Viðbrögð skólans við slysi/dauða nemanda eða starfsmanns.

Fyrstu viðbrögð

1. Hefjast handa! Erfitt getur reynst að leiðrétta sögusagnir ef ekki er gripið strax inn í atburðarásina. Ef starfsmaður fréttir af alvarlegu slysi eða andláti nemanda eða starfsmanns lætur hann skólameistara eða skrifstofustjórávita.
2. Skólameistari fær staðfestingu á andláti eða slysi hjá aðstandendum, lögreglu eða sjúkrahúsi.
3. Skólameistari eða skrifstofustjóri kallar áfallaráð skólans saman. Fyrsti fundur ætti að vera stuttur, þar sem verkum er skipt og fyrstu aðgerðir skólans ákveðnar.
4. Skólameistari ásamt áfallaráði kallar starfsfólk skólans saman og tilkynnir starfsfólki hvað gerst hefur og útskýrir hvernig skólinn hyggst taka á málum.

5. Skólameistari ásamt áfallaráði kallar nemendur og starfsfólk skólans saman á sal og segir þeim frá atburðinum. Æskilegt er að leyfa nemendum og starfsfólki að ræða um atburðinn og líðan sína.

6. Sé um dauðsfall að ræða:

- a) Tæknistjóri flaggar í hálfra stöng
- b) Skrifstofustjóri setur fram dúkað borð og kveikir á kerti.

7. Í lok skóladagsins fundar áfallaráð skólans með starfsmönnum og fer yfir nöfn þeirra sem tengjast atburðinum s.s. samnemendur, vinnufélagar og vinir. Aðgerðir næstu daga ræddar.

Viðbrögð næstu daga

- 1. Hlúa að nemendum og starfsfólki. Nemendum og starfsfólki gefinn kostur á að vinna með líðan sína. Boðið upp á einstaklingsviðtöl. Skólameistari ásamt áfallaráði metur þörf á eftirfylgd eða utanaðkomandi aðstoð t.d. frá sálfræðingi, áfallateymi við heilsugæslustöð o.s.frv.
- 2. Hafi nemandi eða starfsmaður látist, er hins látna minnst með sameiginlegri athöfn í umsjá prests. Skrifstofustjóri sér um að minningabók liggja frammi.
- 3. Tæknistjóri flaggar á jarðarfaradag.
- 4. Haldið áfram næstu vikur og mánuði að hlúa að nemendum og starfsfólki skólans. Gefa gaum að áfallastreitu meðal nemenda og starfsfólks skólans. Bjóða upp á hópvinnu eða einstaklingsviðtöl ef þörf er á.

Alvarleg slysi í skóla

Sá starfsmaður sem kemur fyrstur að alvarlegu slysi í skólanum tekur verkstjórn og fær aðra nærstadda í lið með sér þar til sjúkraflutningamenn koma á staðinn:

Fyrstu viðbrögð

- 1. Tryggja öryggi á slysstað
- 2. Veita Neyðarhjálp
- 3. Tilkynna slysið með því að hringja í 112
- 4. Veita almenna skyndihjálp
- 5. Senda einhvern nærstaddan til skólameistara til að tilkynna slysið.
- 6. Skólameistari tilkynnir atvikið til vinnueftirlits eftir atvikum.
- 7. Skólameistari biður viðkomandi starfsmann að skrá niður vitni að slysinu.
- 8. Skólameistari sér til þess að aðrir starfsmenn verði látnir vita.
- 9. Skólameistari sér um tengsl við aðstandendur og/eða sjúkrahús eftir atvikum.

Áfallaráð

Áfallaráð fer með verkstjórn þegar válegir atburðir gerast sem snerta nemendur og starfsfólk skólans. Skólameistari er ábyrgur fyrir því að virkja áfallaráð. Mikilvægt er að þeir sem veljast í áfallaráð geti unnið undir miklu álagi og séu vel undir það búnir að veita sálrænan stuðning/áfallahjálp.

Í áfallaráði eru:

- Skólameistari
- Skrifstofustjóri
- Náms- og starfsráðgjafi

Áfallaráð á einnig að geta leitað til sóknarprests